

## Frumvarp til laga

### um breytingu á lögum um opinbera háskóla, nr. 85/2008 (háskólasamstæða).

Frá menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra.

#### 1. gr.

1.gr. laganna orðast svo:

Lög þessi gilda um háskóla sem reknir eru sem opinberir háskólar og lúta yfirstjórn ráðherra. Opinber háskóli er í lögum þessum nefndur háskóli. Ráðherra birtir auglýsingu um háskóla sem starfa samkvæmt lögum þessum.

#### 2. gr.

Við 1. mgr. 4. gr. bætist nýr staflíður, svohljóðandi: háskólasamstæða, sbr. 4. gr. a.

#### 3. gr.

Á eftir 4. gr. laganna kemur ný grein, 4. gr. a, svohljóðandi:

##### *Háskólasamstæða.*

Háskólum er heimilt að stofna háskólasamstæðu, þar sem tveir eða fleiri sjálfstæðir háskólar, sem njóta viðurkenningar samkvæmt lögum um háskóla, sameinast undir merkjum háskólasamstæðu, sem lýtur sameiginlegri yfirstjórn. Háskólar sem tilheyra háskólasamstæðu skiptast í flaggskipsháskóla og aðildarháskóla.

Flaggskipsháskóli leiðir háskólasamstæðu og rektor og háskólaráð þess háskóla fer með stjórn samstæðunnar og þeirra háskóla sem undir hana heyra, í samræmi við 5. og 8. gr. laga þessara og 15. gr. laga um háskóla. Þeir háskólar sem sameinast flaggskipsháskóla kallast aðildarháskólar og bera sama heiti og flaggskipsháskóli auk tilvísunar til staðsetningar eða hlutverks. Við stofnun háskólasamstæðu skulu að lágmarki 5.000 nemendur stunda nám við flaggskipsháskóla.

Við háskólasamstæðu starfar samstarfsráð. Rektor og forseti hvers aðildarháskóla eiga sæti í ráðinu og skal rektor vera formaður. Auk þeirra situr einn fulltrúi flaggskipsháskóla og einn fulltrúi hvers aðildarháskóla í ráðinu. Rektor og forsetar skulu tilnefna fulltrúa frá sínum skóla í ráðið. Samstarfsráð fer með mikilvægar ákvarðanir sem varða m.a. samstarf um nám, kennslu og rannsóknir, auk ákvarðana sem varða þróun og starfsemi aðildarháskóla innan háskólasamstæðu. Samstarfsráð markar jafnframt stefnu og er ráðgefandi fyrir rektor og háskólaráð um málefni aðildarháskóla. Ákvarðanir sem varða grundvallar-breytingar á starfsemi og námsskipan aðildarháskóla er óheimilt að taka, án þess að þær hafi hlotið einróma samþykki í samstarfsráði. Nánar skal kveðið á um hlutverk og verkefni samstarfsráðs í starfsreglum sem ráðið setur sér, að fengnu samþykki háskólaráðs.

Innan háskólasamstæðu skulu aðildarháskólar hafa sömu stöðu og skólar eða fræðasvið innan flaggskipsháskóla samkvæmt IV. kafla laga þessara. Daglegri starfsemi aðildarháskóla stýrir forseti skólans sem ráðinn er af rektor að undangenginni auglýsingu. Forseti aðildarháskóla skal hafa sama hlutverk og stöðu og aðrir forsetar skóla eða fræðasviða innan flaggskipsháskóla. Þá skal sérstök stjórn starfa við aðildarháskóla sem gegnir sama hlutverki og stjórnir skóla eða fræðasviða. Um stöðu aðildarháskóla, ráðningu, skipan og hlutverk forseta og stjórnar aðildarháskóla skal nánar kveðið á um í reglum sem háskólaráð setur, að fengnu samþykki samstarfsráðs.

Flaggskipsháskóli fer með sameiginlega stjórnsýslu og stoðþjónustu háskólasamstæðu á grundvelli reglna sem háskólaráð setur.

Stofnun og aðild að háskólasamstæðu skal byggja á sérstöku samkomulagi milli viðkomandi háskóla og ráðuneytis, þar sem fjallað er um markmið, stjórnskipulag, hlutverk, fjárhagsmálefni og eftir atvikum annað sem talið er þörf á í slíku samkomulagi.

Um hlutverk og starfsemi háskólasamstæðu að öðru leyti gilda lög þessi, reglur sem háskólaráð setur á grundvelli þeirra sem og ákvæði laga um háskóla, með sama hætti og um háskóla almennt.

4. gr.

Á eftir orðunum „Tveir fulltrúar tilnefndir af ráðherra“ í 3. tölul. 3. mgr. 6. gr. kemur: og skal annar þeirra hafa þekkingu og reynslu af háskóla- og rannsóknastarfi á landsbyggðinni.“

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Ákvæði til bráðabirgða:

Hinn 1. júlí 2026 sameinast Háskóli Íslands og Hólaskóli – Háskólinn á Hólum undir merkjum háskólasamstæðu Háskóla Íslands. Háskóli Íslands verður flaggskipsháskóli samstæðunnar og Hólaskóli – Háskólinn á Hólum aðildarháskóli hennar og ber heitið Háskóli Íslands á Hólum.

Á sama tíma tekur Háskóli Íslands við eignum og skuldbindingum Hólaskóla – Háskólans á Hólum. Sama gildir um ónýttar fjárheimildir á fjárlögum fyrir árið 2026 fyrir Hólaskóla – Háskólann á Hólum. Þá flyst viðurkenning Hólaskóla – Háskólans á Hólum á fræðasviði auðlinda- og búvísinda auk tilgreindra undirflokka til Háskóla Íslands.

Hinn 1. júlí 2026 verður embætti rektors Hólaskóla – Háskólans á Hólum, lagt niður. Sama gildir um háskólaráð þess skóla. Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 4. gr. a verður núverandi rektor Hólaskóla – Háskólans á Hólum, forseti Háskóla Íslands á Hólum til 1. júlí 2031. Ákvæði 7. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins gilda ekki við ráðstöfun starfs skv. ákvæði þessu.

Á sama tíma flytjast öll störf kennara sem ráðnir eru ótímabundið og uppfylla skilyrði 18. gr. laga um háskóla, nr. 63/2006 og annarra starfsmanna sem ráðnir eru ótímabundið við Hólaskóla – Háskólann á Hólum yfir til Háskóla Íslands. Ákvæði 7. gr. laga nr. 70/1996 réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins gilda ekki við ráðstöfun starfa samkvæmt ákvæði þessu. Um flutning þessara starfa fer að öðru leyti eftir ákvæðum sömu laga.

Nemendur, sem hinn 1. júlí 2026 eru í námi við Hólaskóla – Háskólann á Hólum, eiga rétt á að ljúka því námi við Háskóla Íslands á Hólum, samkvæmt því námsskipulagi sem í gildi er á þeim tíma, miðað við gildandi reglur námsframvindu.

Tilnefning fulltrúa ráðherra í háskólaráð samkvæmt 3. tölul. 3. mgr. 6. gr. kemur fyrst til framkvæmda hinn 1. júlí 2026, þegar nýtt háskólaráð Háskóla Íslands tekur til starfa.

### Greinargerð.

#### 1. Inngangur.

Frumvarpið er samið í menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytinu og á rætur sínar að rekja aftur til júní 2023 þar sem haldin var vinnustofa með fulltrúum Háskóla Íslands og Hólaskóla - Háskólans á Hólum (hér eftir nefndur Háskólinn á Hólum) þar sem fjallað var um tækifæri og hindranir sem gætu falist í samstarfi eða sameiningu þessara skóla. Í ágúst sama ár undirrituðu rektorar skólanna, ásamt þáverandi háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, viljayfirlýsingu þar sem samþykkt var að hefja formlegar viðræður um aukið samstarf og mögulega sameiningu. Viðræðurnar fólust í fýsileikagreiningu á því hvaða samruna- eða samstarfsform myndi henta best til að tryggja áframhaldandi starfsemi beggja skólanna með aukin gæði að markmiði. Jafnframt var hluti af vinnunni greining á húsnaðismálum Háskólans á Hólum, m.a. til að bæta aðstöðu til náms í lagareldi. Tilnefndu skólarnir hvor um sig þrjá fulltrúa í stýrihóp til viðræðna um áframhaldandi greiningu og samhliða þeim skuldbatt ráðuneytið sig til að styðja við áform og tillögugerð Háskólans á Hólum um uppbyggingu á aðstöðu skólans bæði á Hólum í Hjaltadal og á Sauðárkróki.

Stýrihópurinn skilaði skýrslu um mat á fýsileika aukins samstarfs eða sameiningar í árslok 2023 og varð niðurstaðan að háskólasamstæða væri fýsilegasti kosturinn. Í skýrslunni er m.a. fjallað um ávinning háskólasamstæðu fyrir íslenskt samfélag. Þar kemur fram að Ísland sé of lítið til að reka sjö háskóla sem standist alþjóðlega samkeppni og geti boðið nemendum upp á framúrskarandi nám og kennslu. Stærri

háskólaeiningar séu betur í stakk búnar til að taka virkan þátt í þverfaglegum alþjóðalegum rannsóknarverkefnum sem takist á við helstu áskoranir samtímans og til að starfa í samræmi við nýjar áherslur Gæðaráðs háskólanna. Meginávinningur þessa verkefnis sé nýtt skipulag háskólasamstæðu sem yrði eftirsóknarverður og raunhæfur kostur fyrir fleiri háskóla og rannsóknarstofnanir. Sem sértækan ávinning af samstæðu Háskóla Íslands og Háskólans á Hólum væri aukin gæði og fjölbreytni í rannsóknum og námi, aukin framboð á námsleiðum, m.a. í tengslum við atvinnulíf, fjölgun nemenda á tilteknum námslínunum og aukin ánægja meðan á námi stendur, efling fjarnáms, efling tengsla háskóla, atvinnulífs og samfélags, aukin tækifæri til nýsköpunar, aukin tækifæri til þverfræðilegs samstarfs, efling tengsla landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis, efling samfélagslegs hlutverks samstæðunnar og efling stjórnsýslu og stoðþjónustu með möguleika á hagræðingu.

Í byrjun árs 2024 samþykktu háskólaráð beggja skólanna að hefja viðræður um mögulega stofnun háskólasamstæðu. Í kjölfarið hófust formlegar viðræður á vettvangi stýrihópsins og reglubundið samráð innan háskólanna beggja við starfsfólk, faglegar starfseiningar og nemendur. Þá hafði stýrihópurinn jafnframt samráð við ytri hagaðila og lagði áherslu á að kynna sér skipulag og starfsemi erlendra háskólasamstæða, svo sem í Skotlandi, Svíþjóð og Minnesota í Bandaríkjunum. Jafnframt var hafist handa við myndun hópa sérfræðinga í einstökum málum í tengslum við undirbúning stofnunar háskólasamstæðu.

Þann 17. maí 2024 undirrituðu rektorar skólanna ásamt þáverandi háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra samkomulag um stjórnskipulag háskólasamstæðu. Þar kom m.a. fram að útlínur hennar skyldu taka mið af stjórnskipulagi opinberra háskóla og þá sérstaklega Háskóla Íslands sem flaggskipsháskóla samstæðunnar. Í tengslum við áframhaldandi vinnu við undirbúning málsins veitti ráðuneytið skólunum styrk úr verkefninu Samstarf háskóla til að standa straum af kostnaði við verkefnið.

Þann 25. apríl 2025 undirrituðu rektorar skólanna ásamt menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra samkomulag þar sem grunnur er lagður að háskólasamstæðu þessara skóla. Í samkomulaginu er fjallað um markmið, stjórnskipulag, fjármál, húsæðismál og stækkun háskólasamstæðu sem og eflingu Háskóla Íslands á Hólum sem sérhæfðs háskóla á landsbyggðinni. Í framhaldi af undirritun samkomulagsins hefur verið unnið eftir ítarlegri verkáætlun í átta sérfræðingahópum um einstaka verkþætti, auk framkvæmdahóps.

Í tengslum við fyrirhugaða sameiningu Háskóla Íslands og Háskólans á Hólum undir merkjum háskólasamstæðu er rétt að fara stuttlega yfir atriði sem snúa að gæðamálum skólanna, um doktorsnám og fyrirhugaðan flutning Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands í Skagafjörð.

Hvað varðar gæðamálin þá njóta Háskóli Íslands og Háskólinn á Hólum formlegrar viðurkenningar á fræðasviðum sínum í samræmi við lög um háskóla, nr. 63/2006. *Gæðamat háskóla* eða forveri þess hefur frá 2011 m.a. haft það hlutverk að meta hvort íslenskir háskólar standist lögbundin skilyrði og kröfur til að hljóta viðurkenningu ráðuneytis háskólamála. Gæðamat háskóla grundvallar starf sitt á stöðlum og nýjustu viðmiðum sem tíðkast í gæðastarfi á Evrópska háskólasvæðinu, auk þess að uppfylla innlendar kröfur um gæðastarf í háskólum. Gæðamat háskóla framkvæmir reglubundnar stofnanaúttektir sem grundvallast á formlegri viðurkenndri aðferðafræði í því skyni að tryggja að íslenskir háskólar sinni innra gæðamati og umbótum í allri starfsemi sinni. Háskóli Íslands og Háskólinn á Hólum reka hvor um sig sín formlegu gæðakerfi sem lúta að kjarnastarfsemi skólanna og stoðþjónustu þeirra. Rektorar og háskólaráð beggja skóla bera ábyrgð á þessum kerfum gagnvart ráðuneyti háskólamála og Gæðamati háskóla. Við sameiningu í háskólasamstæðu verða formleg gæðakerfi skólanna sameinuð. Mun forseti aðildarháskóla, líkt og fræðasviðsforsetar Háskóla Íslands, bera ábyrgð á gæðum starfsemi sinna rekstrareininga gagnvart rektor og háskólaráði. Í kjölfar sameiningar í háskólasamstæðu verður innra gæðastarf þannig sameiginlegt fyrir Háskóla Íslands og Háskóla Íslands á Hólum og reglubundnar stofnanaúttektir Gæðamats háskóla taka til háskólasamstæðunnar í heild.

Háskóli Íslands hefur heimild til að bjóða doktorsnám á öllum fræðasviðum sínum. Lögð er rík áhersla á að námið sé í samræmi við alþjóðlega viðurkenndar gæðakröfur. Miðstöð framhaldsnáms hefur umsjón með og fylgir eftir *Viðmiðum og kröfum um gæði doktorsnáms við Háskóla Íslands*. Þar er m.a. fjallað um skipulag doktorsnáms, tengsl við lög, reglur og formlegt gæðakerfi skólans, hæfniviðmið, rannsókn- umhverfi viðkomandi einingar, kröfur til fræðasviða og deilda, kröfur til doktorsnema, kröfur til leiðbeinanda doktorsnema, kröfur til umsjónarkennara, til doktorsnefnda og loks andmælanda. Í frumvarpinu er miðað við að Háskóli Íslands á Hólum hafi svipaða stöðu og fræðasvið Háskóla Íslands hafa nú í skipulagi hans með ýmsum undantekningum þó, sbr. ákvæði um samstarfsráð. Þannig liggur fyrir að við sameiningu Háskólans á Hólum í háskólasamstæðu Háskóla Íslands fær aðildarháskólinn heimild til að skipuleggja doktorsnám og brautskrá doktora að uppfylltum skilyrðum í sameiginlegum reglum fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009 og framangreindum *Viðmiðum og kröfum um gæði doktorsnáms við Háskóla Íslands*.

Síðast en ekki síst, og í samræmi við markmið háskólasamstæðunnar um að efla Háskóla Íslands á Hólum sérstaklega sem háskóla á landsbyggðinni, er fyrirhugað að flytja höfuðstöðvar Stofnunar rannsóknasetra

Háskóla Íslands í Skagafjörð. Markmið Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands er að stuðla að rannsóknum og leiðbeiningu framhaldsnema víða um land og vera um leið vettvangur samstarfsverkefna háskólans við nærumhverfi setranna. Nú eru tólf rannsóknasetur starfrækt um landið, á Hornafirði, Suðurlandi, Vestmannaeyjum, Suðurnesjum, Snæfellsnesi, Vestfjörðum, Ströndum, Norðurlandi vestra, Norðurlandi eystra, Austurlandi, Breiðdalsvík og Þingeyjarsveit. Það þrettánda er í undirbúningi á Eskifirði. Árið 2024 voru starfsmenn 54 og ársverkin rúm 36. Þar af voru 22 í akademískum störfum. Níu doktorsnemar á styrk unnu að verkefnum sínum við setrin á árinu 2024. Velta Stofnunar rannsóknasetra nam tæpum 600 m.kr. á árinu 2024 og voru rannsóknastyrkir og aðrar sértekjur rúmlega 60% tekna stofnunarinnar það ár.

## 2. Tilefni og nauðsyn lagasetningar

Í 4. gr. laga um opinbera háskóla er að finna ákvæði um skipulagseiningar og rekstrarform háskóla. Samkvæmt þeim hafa opinberir háskólar nokkuð rúmar heimildir til að ákveða skipulag sitt. Við skoðun á háskólasamstæðu Háskóla Íslands og Háskólans á Hólum var í upphafi horft til þess að nýta mætti ákvæðið til stofnunar háskólasamstæðu án þess að ráðast í lagabreytingar. Þess í stað yrði háskólasamstæða útfærð í reglum flaggskipsháskóla samstæðunnar. Við nánari skoðun var ákveðið að hverfa frá því og leggja til sérstaka lagaheimild til stofnunar háskólasamstæðu í lögum um opinbera háskóla þar sem útlínur samstæðunnar yrðu lögfestar með tilliti til þess að tveir eða fleiri sjálfstæðir og viðurkenndir háskólar sameinist undir einni háskólasamstæðu. Jafnframt er mikilvægt að lögfesta aðkomu aðildarháskóla að stjórn og stefnumörkun samstæðunnar. Auk sérstakrar lagaheimildar til stofnunar háskólasamstæðu er lagt til að bæta háskólasamstæðu í upptalningu á skipulagseiningum háskóla í 4. gr. laganna. Þá fylgja lagabreytingunni ákvæði til bráðabirgða varðandi yfirfærslu Háskólans á Hólum í formi aðildarháskóla inn í háskólasamstæðu með sameiningu við Háskóla Íslands.

Samhliða því að leggja til að lögfest verði heimild til stofnunar háskólasamstæðu, sem leiðir til þess að Háskóli Íslands og Háskólinn á Hólum verða sameinaðir undir háskólasamstæðu Háskóla Íslands, er lagt til að gerðar verði breytingar á 1. gr. laganna. Horfið verði frá því að nafngreina núverandi háskóla í lögum um sjálfum og ákvæðið þess í stað orðað þannig að lögin eigi við um háskóla sem reknir eru sem opinberir háskólar og lúti yfirstjórn ráðherra. Síðan verði óbreytt kveðið á um að ráðherra birti auglýsingu um háskóla sem starfi samkvæmt lögum. Með breytingunni verður ekki þörf á að gera breytingar á 1. gr. laganna sérstaklega komi til breytinga á starfsemi einstakra skóla eða þeir sameinaðir öðrum háskólum. Þess í stað kæmi slík breyting fram í auglýsingu sem ráðherra lætur birta.

## 3. Meginefni frumvarpsins.

### 3.1. Breyting á upptalningu háskóla og skipulagseininga.

Eins og fram kemur hér á undan um tilefni og nauðsyn lagasetningarinnar er lagt til í 1. gr. frumvarpsins að 1. gr. laganna verði breytt þannig að horfið verði frá því að nafngreina núverandi háskóla í lögum um sjálfum. Í staðinn komi það í hlut ráðherra að birta auglýsingu um þá háskóla sem starfi samkvæmt lögum. Þá er lagt til í 2. gr. frumvarpsins að háskólasamstæða verði talin upp meðal skipulagseininga háskóla í 1. mgr. 4. gr. laganna, í ljósi þess að í frumvarpinu er gert ráð fyrir nýju heimildarákvæði í lögum um stofnun háskólasamstæðu, sbr. 3. gr. þess.

### 3.2. Heimild til stofnunar háskólasamstæðu.

Í frumvarpinu er lagt til að lögfest verði ný grein, 4. gr. a í lögum um opinbera háskóla, sem kveður á um heimild til stofnunar háskólasamstæðu.

Um er að ræða heimild fyrir tvo eða fleiri sjálfstæða háskóla, sem njóta viðurkenningar samkvæmt lögum um háskóla, til að sameinast undir merkjum háskólasamstæðu, sem lýtur sameiginlegri yfirstjórn. Þar sem frumvarpið felur í sér breytingu á rammalögum um opinbera háskóla er um almenna heimild að ræða en tilefnið er eins og áður segir, sameining Háskóla Íslands og Háskólans á Hólum undir merkjum háskólasamstæðu Háskóla Íslands sem flaggskipsháskóla og Háskóla Íslands á Hólum sem aðildarháskóla samstæðunnar.

Frumvarpið byggir á því að háskólasamstæða sé leidd af flaggskipsháskóla þar sem rektor og háskólaráð þess háskóla, fari með stjórn samstæðunnar og þeirra aðildarháskóla sem undir hana heyra. Um það er vísað til 5. og 8. gr. laga um opinbera háskóla og 15. laga um háskóla. Þá er það skilyrði sett að við stofnun háskólasamstæðu skuli að lágmarki 5.000 nemendur stunda nám við flaggskipsháskóla. Er þá horft til þess stærðarmunar sem er á íslenskum háskólum og eðlilegt að sá skóli sem ætlað er að leiða og fara með yfirstjórn háskólasamstæðunnar hafi til að bera breitt námsframboð og þá innviði sem nauðsynlegir eru og aðrir háskólar hafa ekki, eða í mun minna mæli.

Rétt er að áréttta að stofnun háskólasamstæðu undir heiti Háskóla Íslands sem flaggskipsháskóla, felur ekki í sér breytingu á þeirri starfsemi sem fyrir er í þeim skóla. Þá felur yfirstjórnarhlutverk rektors og háskólaráðs gagnvart aðildarháskólum í sér sömu stjórnunarheimildir og gagnvart flaggskipsháskóla og þannig er um sameiningu þessara skóla að ræða. Á móti felur skipulag háskólasamstæðu í sér að aðildarháskólar njóta ákveðins sjálfstæðis undir merkjum flaggskipsháskólans og þá einkum með þrennum hætti.

Í fyrsta lagi gerir frumvarpið ráð fyrir því að jafnframt því sem aðildarháskóli noti nafn flaggskipsháskóla, verði í nafni hans vísað til staðsetningar eða hlutverks. Slíkt viðheldur tengingu við þann stað eða þá starfsemi sem fyrir er í aðildarháskólanum, fyrir sameininguna.

Í öðru lagi byggir frumvarpið á því að innan háskólasamstæðu skuli aðildarháskólar hafa sömu stöðu og skólar eða fræðasvið innan flaggskipsháskóla samkvæmt IV. kafla laganna. Gert er ráð fyrir að daglegri starfsemi aðildarháskóla stýri forseti (*e. Campus Dean*) sem ráðinn er af rektor að undangenginni auglýsingu. Forseti skal hafa sambærilega stöðu og forsetar skóla eða fræðasviða (*e. Dean of Schools*) innan flaggskipsháskóla. Rétt er að taka fram að þótt talað sé um skóla sem megineiningar háskóla í lögum um opinbera háskóla er í 4. gr. laganna heimilt að nota önnur heiti fyrir skóla. Í tilviki Háskóla Íslands er heitið fræðasvið notað í stað skóla í skipulagi hans og reglum. Samkvæmt lögnum og reglum Háskóla Íslands hafa fræðasvið og deildir sem undir þau heyra mikið sjálfstæði og frumvarpið gerir ráð fyrir því að aðildarháskólar hafi sömu stöðu innan skólans. Með því er lögð áhersla á að starfsemi Háskólans á Hólum flytjist yfir til Háskóla Íslands í upphafi í óbreyttri mynd, fyrir utan að yfirstjórnin færist á eina hendi auk þess sem starfsmenn, viðurkenningar skólans á fræðasviðum og önnur réttindi og skyldur skólans færist yfir til Háskóla Íslands, í samræmi við bráðabirgðaákvæði frumvarpsins. Líkt og forsetar fræðasviða ræður forseti aðildarháskóla starfsfólk í stjórnsýslu og stoðþjónustu skólans og ræður jafnframt tímabundið akademískt starfsfólk. Þá skal sérstök stjórn starfa við aðildarháskóla sem gegnir sambærilegu hlutverki og stjórnir skóla eða fræðasviða. Í tilviki Háskóla Íslands fjallar stjórn fræðasviðs um sameiginleg málefni fræðasviðsins svo sem ákvarðanir deilda um námsframboð, tillögur deilda um nýjar námsleiðir og fjöldatakmörkun fyrir hvert háskólaár ef við á. Þá gerir stjórn fræðasviðs t.a.m. tillögur til háskólaráðs um breytingar á reglum eða að nýjum reglum er varða skipulag og starfsemi sviðsins, deilda þess og stofnana, svo dæmi séu tekin. Um ráðningu, skipan og hlutverk forseta og stjórnar aðildarháskóla skal nánar kveðið á um í reglum sem háskólaráð setur, að fengnu samþykki samstarfsráðs.

Þar sem rektor og háskólaráð flaggskipsháskóla fara bæði með stjórn flaggskipsháskóla og aðildarháskóla er í þriðja lagi lagt til að við háskólasamstæðu starfi samstarfsráð sem hefur mjög mikilvægu hlutverki að gegna fyrir aðildarháskólana innan samstæðunnar. Rektor er formaður ráðsins en auk hans situr einn fulltrúi flaggskipsháskóla í ráðinu og tveir fulltrúar hvers aðildarháskóla og skal annar þeirra vera forseti þess skóla. Rektor og forsetar aðildarháskóla tilnefna fulltrúa sinna skóla í ráðið. Samstarfsráðinu er ætlað að fara með mikilvægar ákvarðanir sem varða m.a. samstarf um nám, kennslu og rannsóknir, auk ákvarðana sem varða þróun og starfsemi aðildarháskóla innan samstæðunnar. Jafnframt er gert ráð fyrir því að samstarfsráðið marki stefnu og sé ráðgefandi fyrir rektor og háskólaráð um málefni aðildarháskóla. Þá skiptir miklu máli fyrir aðildarháskóla að ákvarðanir sem varða grundvallarbreytingar á starfsemi og námsskipan þeirra verða ekki teknar án þess að þær hafi hlotið einróma samþykki í samstarfsráði. Er hér einkum litið til ákvarðana sem varða grundvallarskipulag eða tilvist einstakra deilda aðildarháskólanna. Samstarfsráðinu er þannig ætlað að gegna þýðingarmiklu hlutverki innan háskólasamstæðu og hafa bein áhrif á þróun og starfsemi aðildarháskólanna innan hennar sem jafnframt hefur þá áhrif á þróun samstæðunnar í heild sinni. Nánar skal kveðið á um hlutverk og verkefni samstarfsráðs í reglum sem það setur sér að fengnu samþykki háskólaráðs.

Þá er lagt til að lögfest verði að flaggskipsháskóli fari með sameiginlega stjórnsýslu og stoðþjónustu háskólasamstæðu, á grundvelli reglna sem háskólaráð setur. Í tilviki Háskóla Íslands eru þessi svið kennslusvið, alþjóðasvið, þróunarsvið, vísinda- og nýsköpunarsvið, fjármálasvið, markaðs- og samskiptasvið, mannauðssvið, upplýsingatæknisvið og framkvæmda- og tæknisvið, sem yrðu þá einnig hluti af sameiginlegri stjórnsýslu og stoðþjónustu fyrir Háskóla Íslands á Hólum.

Stofnun háskólasamstæða skal byggja á sérstöku samkomulagi milli viðkomandi háskóla og ráðuneytis, þar sem fjallað er um markmið, stjórnskipulag, hlutverk, fjárhagsmálefni og eftir atvikum annað sem talið er þörf á í slíku samkomulagi. Mikilvægt er að útlínur háskólasamstæðu séu skýrar og í samræmi við ákvæði laga um háskóla og laga um opinbera háskóla. Jafnframt skiptir miklu máli að fjárhagsrammi samstæðunnar sé ljós m.t.t. til fjárveitinga á sameiginlega kennitölu og fjárlaganúmer, flutnings starfsmanna aðildarháskóla til samstæðunnar, húsnæðismála og eftir atvikum fleiri þátta sem hafa áhrif á starfsemi og rekstur samstæðunnar í heild sinni.

Að síðustu er tekið fram að um starfsemi háskólasamstæðu að öðru leyti gilda lög þessi, reglur sem háskólaráð setur á grundvelli þeirra sem og ákvæði laga um háskóla, með sama hætti og um háskóla almennt.

Í því felst að heimildarákvæðið um stofnun háskólasamstæðu og skipulag hennar hefur ekki áhrif á önnur ákvæði tilgreindra laga og reglna, sem háskólasamstæðu ber að fylgja líkt og háskólum almennt.

### 3.3. Breyting á skipun háskólaráðs.

Eins og fram kemur í inngangi frumvarpsins á það rætur sínar að rekja til viðræðna milli Háskóla Íslands og Háskólans á Hólum um stofnun háskólasamstæðu. Frumvarpið byggir á því að rektor og háskólaráð flaggskipsháskóla fari með stjórn háskólasamstæðu. Samkvæmt lögum um opinbera háskóla er hlutverk háskólaráðs mjög víðtækt og ráðið markar meðal annars heildarstefnu í kennslu og rannsóknum og mótar skipulag háskóla. Frumvarpið gerir vissulega ráð fyrir veigamiklu hlutverki samstarfsráðs í 3. gr. varðandi m.a. samstarf um nám, kennslu og rannsóknir, auk ákvarðana sem varða þróun og starfsemi aðildarháskóla innan háskólasamstæðunnar. Engu að síður er æskilegt að meðal fulltrúa í háskólaráði sé þekking og reynsla af háskóla- og rannsóknarstarfi á landsbyggðinni. Því er lagt til að annar af tveimur fulltrúum sem ráðherra tilnefnir í háskólaráð hafi slíka þekkingu og reynslu og lagðar til breytingar á 3. tölul. 3. mgr. 6. gr. til samræmis við það.

### 3.4. Ákvæði til bráðabirgða.

Í ákvæði til bráðabirgða er kveðið sérstaklega á um sameiningu Háskóla Íslands og Háskólans á Hólum undir merkjum háskólasamstæðu Háskóla Íslands í tengslum við þá lagabreytingu sem frumvarpið byggir á. Gert er ráð fyrir því að Háskóli Íslands verði flaggsskipsháskóli samstæðunnar og Háskólinn á Hólum aðildarháskóli undir heitinu Háskóli Íslands á Hólum. Í ákvæðinu er einnig tekið á yfirfærslu eigna, skuldbindinga, fjárheimilda og viðurkenningu fræðasviðs við sameininguna. Jafnframt er fjallað um niðurlagningu embættis rektors og háskólaráðs Háskólans á Hólum og kveðið á um að fráfaramandi rektor verði forseti Háskóla Íslands á Hólum í nánar tilgreindan tíma. Þá er tekið á flutningi starfa sem ráðið er í ótímabundið við sameininguna, réttarstöðu nemenda og breytingu á tilnefningu fulltrúa ráðherra í háskólaráð Háskóla Íslands. Ítarlega er farið yfir þessi atriði í athugasemdum um einstakar greinar frumvarpsins.

## 4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Efni frumvarpsins gefur ekki tilefni til að ætla að það stangist á við stjórnarskrá né að það stangist á við alþjóðlegar skuldbindingar.

## 5. Samráð.

Frumvarpið hefur verið unnið í samráði við fulltrúa Háskóla Íslands og Háskólans á Hólum sem hafa unnið að stofnun háskólasamstæðu sem byggir á sameiningu þessara skóla. Frumvarpið hefur tekið mið af því sem fram hefur komið í yfirlýsingum og samningum sem gerðir hafa verið milli skólanna í þeirri vegferð. Þá var frumvarpið ásamt áformaskjali og mati á áhrifum birt í Samráðsgátt og bærust XX umsagnir.

## 6. Mat á áhrifum.

Eins og fram hefur komið felur frumvarpið í sér sameiningu Háskóla Íslands og Háskólans á Hólum í háskólasamstæðu. Eins og gildir um aðra háskóla í landinu byggja fjárveitingar til þeirra á fjármögnunarlíkani háskóla, sem eftir sameininguna fara í gegnum kennitölu og fjárlaganúmer Háskóla Íslands. Ekki er gert ráð fyrir því að forsendur fjárveitinga til Háskóla Íslands á Hólum breytist í grundvallaratriðum.

Sameiningunni fylgir kostnaður og verkefnið hefur þegar fengið tvo styrki frá ráðuneytinu samtals að fjárhæð 370 m.kr., í gegnum verkefnið Samstarf háskóla. Fyrri styrkurinn nemur 200 m.kr. samkvæmt sérstökum samningi, dags. 9. september 2024, til að standa straum af kostnaði við undirbúning og innleiðingu á sviði stjórnskipulags- og gæðamála, fjármála, upplýsingatækni og mannauðs- og kjaramála. Síðari styrkurinn nemur 170 m.kr., en ekki hefur verið gengið frá samningi vegna hans. Gert er ráð fyrir að hann muni einnig standa straum af kostnaði vegna framangreindra verkþátta, eftir því sem þörf verður á. Því til viðbótar er þeim styrk ætlað að standa undir kostnaði við endurskoðað skipulag náms og námsleiða, innleiðingu og aðlögun kerfa í tengslum við rannsóknir og nýsköpun, samhæfingu stjórnsýslu- og stoðþjónustueininga, auk samhæfingar markaðs- og samskiptamála háskólasamstæðunnar. Helstu kostnaðarliðir vegna alls framangreinds eru tímabundin ráðning verkefnastjóra einstakra verkþátta, tímabundin lausn akademísks starfsfólks frá kennslu vegna undirbúnings faglegra þátta, einkum í tengslum við námskipan og námsleiðir, tímabundin lausn starfsfólks í stjórnsýslu skólanna frá starfsskyldum sínum til að sinna tilteknum tæknilegum verkþáttum, sérfræðiráðgjöf og aðkeypt þjónusta, auk ferða og funda.

Verið er að vinna greiningu og mat á starfsskyldum og starfskjörum beggja skólanna og bera þau saman. Nokkur aðstöðumunur hefur komið í ljós sem einkum felst í mismunandi launakjörum og aðgangi akademísks starfsfólks að fjármagni til að kosta rannsóknir og rannsóknarinnviði. Frummat á kostnaði við

að jafna þennan aðstöðumun, sem er Háskólanum á Hólum í óhag, er áætlaður á bilinu 50 – 100 m.kr., sem fjármagna þarf til framtíðar í gegnum reiknilíkan háskóla frá og með fjárlagaárinu 2027.

Hvað húsnæðismál háskólasamstæðunnar varðar eru engar breytingar ráðgerðar á þeim eignum sem fasteignafélag Háskóla Íslands hefur með höndunum. Húsnæðismál Háskólans á Hólum hafa verið til skoðunar og mats á undanförunum árum, sem snýr að ástandi húsnæðisins og mögulegum endurbótum þess eftir þörfum, auk ráðstöfun húsnæðis skólans á Hólum með sölu eða nýtingar fyrir annars konar starfsemi en tengist starfsemi skólans á staðnum. Um er að ræða verkefni sem stendur eitt og sér óháð þeim breytingum sem eru að eiga sér stað við sameiningu skólanna undir háskólasamstæðu. Hópur á vegum forsætisráðuneytisins er að ljúka störfum og mun leggja fram tillögur um sölu á tilteknum eignum í Hjaltadal eða ráðstöfun þeirra að öðru leyti til framtíðar litið. Samhliða eru áform um að byggja undir nauðsynlega aðstöðu fyrir starfsemi hestafræðideildar á Hólum og uppbyggingu fyrir starfsemi skólans á Sauðárkróki, einkum nýbyggingu lagareldishúss fyrir nemendur í fiskeldis- og fiskalíffræði, auk aðstöðu fyrir kennslu og rannsóknir, stúdenta, starfsfólk og rekstur skólans.

#### Um einstakar greinar frumvarpsins.

##### Um 1. gr.

Greinin felur í sér breytingu á 1. gr. laganna þannig að horfið verði frá því að nafngreina alla opinbera háskóla í lögunum sjálfum. Í staðinn komi það í hlut ráðherra að birta auglýsingu um þá háskóla sem starfi samkvæmt lögunum. Sem fyrr gilda lögin um háskóla sem reknir eru af ríkinu og lúta yfirstjórn ráðherra.

##### Um 2. gr.

Greinin kveður á um að háskólasamstæða verði talin upp meðal skipulagseininga háskóla í 1. mgr. 4. gr. laganna. Rétt þykir að það sér gert í ljósi þess að í 3. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir nýju heimildarákvæði um stofnun háskólasamstæðu.

##### Um 3. gr.

Eins og fram kemur í ítarlegri umfjöllun um meginefni frumvarpsins er um að ræða nýtt heimildarákvæði um að tveir sjálfstæðir háskólar sem njóta viðurkenningar sameinast undir merkjum háskólasamstæðu. Flaggskipsháskóli leiðir samstæðuna með því að stjórn hennar og aðildarháskóla er í höndum rektors og háskólaráðs flaggskipsháskólans en síðan starfar samstarfsráð með fulltrúum skólanna sem hefur veigamiklu hlutverki að gegna gagnvart starfsemi og þróun aðildarháskóla og þar með samstæðunnar í heild sinni.

Greinin tekur á stöðu forseta sem stýrir aðildarháskóla með sama hætti og forsetar skóla eða fræðasviða innan flaggskipsháskóla. Þá gegnir stjórn aðildarháskóla sama hlutverki og stjórnir skóla eða fræðasviða. Nánar verði fjallað um ráðningu, skipan og hlutverk forseta og stjórnar aðildarháskóla í reglum sem háskólaráð setur, að fengnu samþykki samstarfsráðs.

Þá fer flaggskipsháskóli með sameiginlega stjórnsýslu og stoðþjónustu háskólasamstæðu.

Samkvæmt greininni skal stofnun háskólasamstæðu byggja á samkomulagi viðkomandi háskóla og ráðuneytis. Um innihald slíks samnings vísast til umfjöllunar um meginefni frumvarpsins.

Að síðustu er tekið fram að heimildarákvæði um háskólasamstæðu hefur ekki áhrif á önnur ákvæði tilgreindra laga og reglna, sem háskólasamstæðu Háskóla Íslands ber þá að fylgja líkt og háskólum almennt.

Um greinina vísast að öðru leyti til umfjöllunar um meginefni frumvarpsins í lið 3.2. um heimild til stofnunar háskólasamstæðu.

##### Um 4. gr.

Æskilegt er að á meðal fulltrúa í háskólaráði sé þekking og reynsla af háskóla- og rannsóknarstarfi á landsbyggðinni. Því er lagt til að gerð sé krafa um að annar af tveimur fulltrúum sem ráðherra tilnefni í háskólaráð, hafi slíka þekkingu og reynslu.

##### Um 5. gr.

Verði frumvarpið að lögum er miðað við að það taki gildi þegar í stað. Með því verður heimild til stofnunar háskólasamstæðu lögfest, en síðan eru í frumvarpinu ákvæði til bráðabirgða sem snúa sérstaklega að sameiningu Háskóla Íslands og Háskólans á Hólum undir merkjum háskólasamstæðu Háskóla Íslands og ráðstafanir henni tengdar. Sameiningin eigi sér stað 1. júlí 2026 og fer sú dagsetning saman við upphaf nýs háskólaárs Háskóla Íslands.

### Um ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði til bráðabirgða fjallar um þær ráðstafanir sem þörf er á að ráðast í, í tengslum við fyrirhugaða sameiningu Háskóla Íslands og Háskólans á Hólum undir merkjum háskólasamstæðu Háskóla Íslands og taka á gildi 1. júlí 2026, verði frumvarpið að lögum. Við sameininguna verður Háskóli Íslands flaggskipsháskóli samstæðunnar og Háskólinn á Hólum aðildarháskóli hennar og ber heitið Háskóli Íslands á Hólum.

Við sameininguna flytjast eignir og skuldbindingar Háskólans á Hólum til Háskóla Íslands og skólarnir verða reknir á sameiginlegri kennitölu og fjárlaganúmeri Háskóla Íslands. Þá flyst viðurkenning Háskólans á Hólum á fræðasviði auðlinda- og búvísinda auk tilgreindra undirflokka þess til Háskóla Íslands. Er það í samræmi við viðurkenningar sem Háskóli Íslands hefur nú þegar og eru á nafni skólans. Í viðurkenningunni er síðan vísað til þeirra fræðasviða sem hún nær til. Eins og komið hefur fram byggir frumvarpið á því að aðildarháskóli háskólasamstæðu hafi sömu stöðu og skólar eða fræðasvið innan flaggskipsháskóla. Háskólinn á Hólum hefur viðurkenningu á fræðasviði auðlinda- og búvísinda og tilgreindum undirflokkum þess, sem eru ferðamálafræði, fiskeldi, fiskalíffræði, sjávar- og vatnalíffræði og hestafræði. Þessi viðurkenning mun þá eftirleiðis vera á nafni Háskóla Íslands en síðan tilheyra fræðasviði auðlinda- og búvísinda ásamt áðurnefndum undirflokkum við Háskóla Íslands á Hólum.

Embætti rektors Háskólans á Hólum verður lagt niður við sameininguna og sama gildir um háskólaráð skólans. Á móti er talið mikilvægt að núverandi rektor Háskólans á Hólum starfi áfram og þá sem forseti Háskóla Íslands á Hólum til 1. júlí 2031, án auglýsingar. Er þá horft til þess að rektorinn hefur haft mikilvægu hlutverki að gegna í þeim viðræðum sem fram hafa farið á milli háskólanna frá miðju ári 2023 og tekið virkan þátt í þeirri undirbúningsvinnu sem verið hefur í gangi fram að þessu, vegna stofnunar háskólasamstæðu. Með hliðsjón af því auk reynslu og þekkingar á starfsemi Háskólans á Hólum eftir tæplega fjögur ár í embætti, er lagt til að núverandi rektor gegni starfi forseta Háskóla Íslands á Hólum við þá nýju skipan sem skólinn mun starfa í og þróast sem aðildarháskóli í háskólasamstæðu Háskóla Íslands næstu árin. Sú ráðning gildi til 1. júlí 2031 og eftir þann tíma verði ráðið í stöðuna samkvæmt auglýsingu og á grundvelli reglna sem Háskóli Íslands setur, að fengnu samþykki samstarfsráðs.

Við sameininguna flytjast öll störf kennara sem ráðnir eru ótímabundið og uppfylla skilyrði 18. gr. laga um háskóla, nr. 63/2006, og annarra starfsmanna sem ráðnir eru ótímabundið við Hólaskóla – Háskólann á Hólum yfir til Háskóla Íslands. Með kennurum er átt við prófessora, dósenta og lektora við Háskólann á Hólum sem ráðnir eru ótímabundið og hafa hlotið hæfnisdóm við ráðningu hjá skólanum í samræmi við skilyrði háskólalaga um menntun og árangur í starfi. Störf annarra starfsmanna sem ráðnir eru ótímabundið flytjast jafnframt yfir til Háskóla Íslands, hvort sem þeir sinna kennslustörfum sem aðjúntar eða sérfræðingar, tilheyra stjórnarsýslu skólans eða sinna öðrum störfum á vegum hans. Sérstaklega er áréttað að ákvæði 7. gr. laga nr. 70/1996 réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sem fjallar um auglýsingaskyldu starfa sem lögin taka til, gildi ekki við ráðstöfun framangreindra starfa og einnig tekið fram að um flutning þeirra fari að öðru leyti eftir ákvæðum laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Þannig er á því byggt að við flutninginn haldi þessir starfsmenn öllum áunnum réttindum sínum, svo sem biðlaunarétti, lífeyrisrétti og veikindarétti.

Samkvæmt ákvæðinu eiga nemendur, sem hinn 1. júlí 2026 eru í námi við Háskólann á Hólum, rétt á að ljúka því námi við Háskóla Íslands á Hólum, samkvæmt því námsskipulagi sem í gildi er á þeim tíma, miðað við gildandi reglur um námsframvindu. Með því er tryggt að nemendur Háskólans á Hólum eiga rétt á því að ljúka núverandi námi sínu við skólann samkvæmt því námsskipulagi sem í gildi er og á sömu forsendum og lagt var upp með þegar námið hófst. Þá er áréttað að réttur þessi sé bundinn við gildandi reglur um námsframvindu. Einungis er við það miðað að þessi réttur nái til náms við Háskóla Íslands á Hólum.

Að síðustu kemur fram í ákvæðinu að tilnefning fulltrúa ráðherra í háskólaráð samkvæmt 3. tölul. 3. mgr. 6. gr., eins og lagt er til í 4. gr. frumvarpsins, komi fyrst til framkvæmda hinn 1. júlí 2026, þegar nýtt háskólaráð Háskóla Íslands tekur til starfa.